

**STJÓRNARFUNDUR SKRIFSTOFA SSNV HVAMMSTANGA
FIMMTUDAGINN 13. SEPTEMBER 2010 KL 10:00.**

Fimmtudaginn 13. September 2010 kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu SSNV á Hvammstanga Mætt voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Hrefna. Björnsdóttir, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. **Fundargerð og ályktanir 18. Ársþings – starf stjórnar haustið 2010.** Farið yfir fundargerð og ályktanir ársþings. Rætt um eftirfylgni ályktana. Rætt um fyrirkomulag stjórnarfunda og áherslur á atvinnuþróun í starfi stjórnar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundum með Innanríkisráðherra, Velferðarráðherra, Umhverfisstjórn og alþingismönnum NV kjördæmis þar sem áherslumál SSNV yrðu til umræðu. Framkvæmdastjóra falið að vinna útfærslu að tillögu ársþings um velferðarmál. Einnig var framkvæmdastjóra falið að vinna útfærslu á tillögu um sameiginlega barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra.
2. **Tilnefning fulltrúa stjórnar SSNV í menningarráð.** Stjórn samþykkir að Bjarni Jónsson formaður verði aðalmaður og Sigurjón Þórðarson varaformaður verði varamaður.
3. **Ákvörðun um fastan fundartíma stjórnar.** Samþykkt að fastur fundartími stjórnar verði annan þriðjudag í mánuði.
4. **Efling sveitarstjórnarstigsins**
 - a. **Fundur með fulltrúum Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins.** Lagt fram bréf starfsmanns nefndar um Eflingu sveitarstjórnarstigsins þar sem óskað er fundar með stjórn SSNV ásamt fulltrúum sveitarfélagana um leiðir í sameiningarmálum á Norðurlandi vestra. Stjórn mælir með því að fundur verði haldinn þegar sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa tilnefnt fulltrúa í nefnd um sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
5. **Svæðisútsendingar RÚV á Norður og Austurlandi.** Lagt fram tölvupóstur framkvæmdastjóra Eyþings þar sem óskað er tilnefningar í starfshóp um svæðisútsendingar RÚV af Norður og Austurlandi sem skila skal tillögum til stjórnar RÚV. Stjórn tilnefnir framkvæmdastjóra fulltrúa SSNV í hópinn.
6. **7 mánaða yfirlit rekstareininga SSNV.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.
7. **SSNV-málefni fatlaðra**
 - a. **Yfirfærsla – staða mála.** Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti sem unnið hefur verið að til undirbúnings yfirfærslunni þann 1. janúar 2011.
 - b. **Viðræður við Dalvíkurbyggð – Staða mála.** Framkvæmdastjóri fór yfir viðræður við Dalvíkurbyggð um aðild þeirra að byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka saman yfirlit um kosti og galla aðildar Dalvíkurbyggðar að byggðasamlaginu.
 - i. **Önnur mál**
Fjárhagsáætlun 2011. Framkvæmdastjóra falið að taka saman kostnaðarupplýsingar varðandi rekstur málefni fatlaðra.

8. SSNV atvinnuþróun

- a. **Dagur atvinnulífsins 2010.** Framkvæmdastjóri fór yfir atriði sem snúa að fyrirkomulagi og framkvæmda dags atvinnulífsins.
- b. **Endurnýjun Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.** Rætt um fyrirhugaða endurnýjun samningsins. Í nýjum samningum er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur samningsins verði greiddur af atvinnuþróunarfélögunum.
- c. **Önnur mál** – Engin.

9. Önnur mál

1. **Kynningarmál.** Rætt um kynningarmál á Norðurlandi vestra.
2. **Safnakort Norðurlands vestra.** HB ræddi hugmynd um gerð sameiginlegs safnakorts á Norðurlandi vestra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:00.
Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.